

## REGLUGERÐ

**um (1.) breytingu á reglugerð nr. 201/2021 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/354 um að taka saman skrá um fyrirhugaða notkun fóðurs sem er ætlað til sérstakra, næringarlegra nota.**

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í II. kafla I. viðauka skulu öðlast gildi breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grund ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/2025 frá 7. febrúar 2025, öðlast eftirtalin ESB-gerð gildi hér á la

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2899 frá 20. nóvember 2024 um breytingu á reglu (ESB) 2020/354 um að taka saman skrá um fyrirhugaða notkun fóðurs sem er ætlað til sérstakra næringar nota. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 17 frá 20. mars 2025, bls. 38

2. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við lög eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994.

3. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 9. gr. og 9. gr. a – 9. gr. e laga um eftirlit með fóðri, áburð sáðvöru, nr. 22/1994.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 7. gr. laga um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvegaráðuneytinu, 4. apríl 2025.*

**Hanna Katrín Friðriksson.**

\_\_\_\_\_  
*Svava Pétursdóttir.*

\_\_\_\_\_  
B deild - Útgáfudagur: 15. apríl 2025